

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## MALBIKUNARSTÖÐ HLAÐBÆJAR COLAS

<b>Dagsetning</b>	17. nóvember 2011	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Malbikunarstöð Hlaðbæjar Colas	<b>Starfsleyfi, gildir til</b>	1. apríl 2020
<b>Heimilisfang</b>	Gullhelli 1, 220 Hafnarfirði	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	420187-1499	<b>Fulltrúar fyrirtækis</b>	Sigbór Sigurðsson Gísli Eymundsson Steingrímur Bragason
<b>Isat nr.</b>	26.82.9	<b>Staðsetning starfstöðvar (hnit)</b>	N64 02,412 V22 00,568
<b>Starfsemi</b>	Annar ótalinn steinefnaíðnaður, þó ekki málmíðnaður		

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fundust fjögur frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð við malbikunarstöðina.

### UMFANG EFTIRLITS

Sest var yfir kröfur í starfsleyfi með fulltrúum malbikunarstöðvarinnar. Grænu bókhaldi hefur verið skilað til Umhverfisstofnunar, svo og árlegum mælingum á ryki í útblásturslofti og fráveitumælingum. Enn hafa finefnageymslur ekki verið reistar þrátt fyrir ákvæði þar um.

Einnig var bent á í eftirliti að starfsleyfi gerir kröfur um að PAH efni séu mæld í útblæstri við framleiðslu á malbiki, þegar endurunnið malbik er notað sem hráefni. Losun PAH-efna við þessa framleiðslu skal ekki fara yfir  $0,002 \text{ mg/Nm}^3$  (klst.meðaltal). Fyrirtækið þarf að sýna fram á þetta með mælingum.

Fyrirtækið á að gera áætlun sem tryggir eðlilegan rekstur og viðhald rykhreinsibúnaðar og skal Umhverfisstofnun samþykkja hana. Senda þarf eintak af áætluninni til Umhverfisstofnunar til samþykktar.

Einnig skal vera tiltæk viðbragðsáætlun til að hefta rykmengun við óhagstæð veðurskilyrði. Senda þarf viðbragðsáætlunina til Umhverfisstofnunar til samþykktar.

Viðbragðsáætlun til að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar er til í gögnum fyrirtækisins og var sýnd eftirlitsaðila í eftirliti.

Mæla skal hávaða við lóðarmörk og skal hann ekki fara yfir 70 dB.

Fyrirtækið skal taka þátt í umhverfisvöktun í nágrenni sínu og senda Umhverfisstofnun skýrslu þar að lútandi.



Samráðsfundur fyrirtækisins með Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis skulu fara fram á tveggja ára fresti. Kom fram við eftirlit að fulltrúar fyrirtækisins hygðast boða til samráðsfundar á næstunni.

Margt er vel gert, stöðin nýleg og hönnuð með tilliti til starfseminnar. Fráveitumál eru í ágætu lagi og hreinsivirki útblásturs frá brennara, þurrkurum og blöndurum kemur vel út úr mælingum.

Malbikunarstöð Hlaðbæjar Colas er með vottað gæðakerfi samkvæmt ÍST EN ISO 9001:2000 og vill nýta þann grunn til þess að efla umhverfisstjórnun í fyrirtækinu.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Gengið var um stöðina og sást vatn sitja uppi á tveimur stöðum. Annarsvegar var um að ræða stíflaða síu í fráveitu sem ætlað er að draga úr svifögnum í fráveitu en hinsvegar samfallin fráveiturör sem þarf að grafa upp og endurnýja.

Fyrirtækið er með vélsóp í notkun við að sópa plön og akstursleiðir.

Gengið var á milli hráefnauga og að verksmiðjunni. Umbúnaður um olíugeyma og bikgeyma var í góðu lagi. Á efnalager eru IBC ker og minni ílát með íblöndunarefnum fyrir verksmiðjuna. Fyrirhugað er að taka í notkun lekabyttur fyrir öll fljótandi efni og efnablöndur. Þrýstihylki eru í lokuðu rými.

Girðingar og hlið voru í mjög góðu lagi. Lokið hefur verið við að girða lóð fyrirtækisins af og tímastýrð hlið eru inn á athafnasvæðið. Starfsmenn hafa síðan aðgang að lóðinni með rafskilríkjum.

## FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>

### Frávik 1: Hráefni sem geta fokið skulu geymd í lokuðum geymslum

**Frávik frá:** Krafa er í starfsleyfi, grein 2.6, um að hráefni sem geta fokið skulu geymd í lokuðum geymslum. Fyrirhuguð fínefnageymsla fyrirtækisins hefur enn ekki risið.

### Frávik 2: Mælingar á PAH efnum í ryki frá endurvinnslu malbiks.

**Frávik frá:** Krafa er í starfsleyfi, grein 2.2, um að mæla skuli PAH efni þegar og ef endurunnið malbik er notað í framleiðsluna. Engar mælingar á PAH efnum hafa enn verið gerðar. Fulltrúar fyrirtækisins lýstu því yfir að erfitt sé að finna greiningarstofu sem vill taka að sér mælingar á PAH efnum.

### Frávik 3: Viðhaldsáætlun rykhreinsibúnaðar

**Frávik frá:** Krafa er í starfsleyfi, grein 2.4, um að Umhverfisstofnun samþykki áætlun sem tryggir eðlilegan rekstur og viðhald rykhreinsibúnaðar. Engin slík áætlun hefur borist Umhverfisstofnun.

### Frávik 4: Hávaðamælingar

**Frávik frá:** Krafa er í starfsleyfi, grein 2.18, um að hljóðstig við lóðamörk fari ekki yfir 70 dB(A) og í grein 3.2 er krafa um að fyrirtækið skrái niðurstöður hávaðamælinga. Engar skráningar á hávaða eru til.

**Athugasemd :** Engin athugasemd var gerð við malbikunarstöðina.

### Önnur mál 1: Viðbragðsáætlun til að hefta rykmengun við óhagstæð veðurskilyrði

Krafa í starfsleyfi, grein 4.4, um að tiltæk sé viðbragðsáætlun til að hefta rykmengun við óhagstæð veðurskilyrði og að Umhverfisstofnun skuli samþykkja áætlunina. Unnið er að því að ljúka vinnu við viðbragðsáætlunina. Umhverfisstofnun hefur fengið hana til umsagnar og liggur fyrir að áætlunin klárast á næstu dögum.

### Önnur mál 2: Umhverfisvöktun, skýrsla um niðurstöður vöktunar.

Rekstraraðili skal taka þátt í vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni verksmiðjunnar ef fram koma óskir þar um.

Reykjavík, 16/12/2011

---

Undirskrift eftirlitsaðila

---

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.